

4. gr.

23

22. febr.

Fast árgjald skal goldið fyrirfram að fjórðaparti í senn, fyrir hvern árs-fjórðung, og er gjalddagi 2. jan., 1. apríl, 1. júlí og 1. okt.

Gjald eftir tölu kilóvattstunda skal greitt mánaðarlega eftir á, undir eins og krafizt er.

Þó skal gjald eftir tölu kilóvattstunda skv. d-lið 1. greinar, greitt eftir á við lok hvers ársfjórðungs.

5. gr.

Gjald fyrir raforku má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögunum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1934.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

24

28. febr.

um barnapróf.

Samkvæmt 23. gr. laga nr. 40 frá 1926 er sett eftirfarandi reglugerð um barnapróf:

1. gr.

Skylt er að hafa árspróf og fullnaðarpróf. Prófin skal halda að vorinu, í lok kennslutímans, þó eigi fyr en í aprilmánuði. Fullnaðarpróf er burtfararpróf barna um 14 ára aldur. Miða skal við síðustu áramót, þannig að veita má þeim börnum fullnaðarpróf, sem orðið hafa 13 ára fyrir 1. janúar það ár, sem prófið er haldið.

2. gr.

Þau börn, sem prófuð hafa verið áður um vorið að viðstöddum eftirlitsmanni er ekki skylt að prófa aftur í sömu námsgreinum.

3. gr.

Nú nota börnin vinnubækur, er sýna lausnir barnanna á þeim verkefnum, sem tekin eru til meðferðar í einstökum námsgreinum yfir veturinn, og er þá fræðslumálastjóra heimilt, ef skólanefnd og kennari óskar, að veita undanþágu frá einkunnagjöfum við árspróf í þeim námsgreinum, er prófdóm-

24. febr. ari skal þá jafnan hlusta á kennsluna sem svarar að m. k. einni kennslustund í hverri námsgrein. Hann skal og skoða vinnubækur barna í þeim greinum og senda skólanefnd og fræðslumálastjóra álit sitt um hvorttveggja. Slika undanþágu skal þó hvorki veita í íslenzku né reikningi.

4. gr.

Einkunnir skulu gefnar eftir getu án tillits til aldurs.

5. gr.

Próf skulu vera skrifleg þar sem því verður við komið. Einkunnir skulu gefnar með tölunum frá 0 og upp í 10 með einum tugastaf aðeins (t. d. 1; 1,1; 1,2; 1,3; 1,9). Heimilt er við árspróf að gefa eina sameiginlega einkunn í landafræði, náttúrufræði og sögu.

6. gr.

Til þess að standast fullnaðarpróf þarf að meðaltali einkunnina 4, en þó sé ekki lægri einkunn en 5 í lestri, skrift, réttritun og reikningi, hverri grein um sig.

Þriðja einkunn telst frá 4 upp í 5; önnur einkunn frá 5 og upp í 7; fyrsta einkunn frá 7 og upp í 9; ágætiseinkunn frá 9 og upp í 10.

7. gr.

Ef eftirlitsmaður kemst við eftirlitspróf að raun um það, að mjög skorti á kunnáttu fullnaðarprófsbarns, eftir hæfileikum þess, má hann leggja bann við því, að barnið taki fullnaðarpróf á því ári.

8. gr.

Börn þau, er ljúka fullnaðarprófi, skulu fá skirteini um það, undirritað af forstöðumanni skólans (eða kennara) og prófdómara. Við fullnaðarpróf skulu einkunnir gefnar í öllum þeim greinum, sem lögboðnar eru í fræðslulögnum, nema í söng og teiknun. Ef skólanefnd og kennari óska, má þó gefa einkunnir í teiknun og í handavinnu, ef kennd er.

Prófskýrslur skulu sendar eftirlitsmanni, en hann gerir fræðslumálastjóra grein fyrir þeim. Senda skal og skýrslu um fullnaðarpróf beint til fræðslumálastjóra.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og falla um leið úr gildi öll ákvæði, sem fara í bága við hana.

Í kennslumálaráðuneytinu, 28. febrúar 1934.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.